


Patrick Marold
HUM
innsetning



Listasafn Reykjavíkur
maí-júní 2001

HUM

Í miðju Hafnarhússins er port, sem afmarkar allar hliðar byggingarinnar; á innri hliðum þess eru svalir á efri hæðum, sem gera að verkum að mögulegt er að nýta svæðið til ólíkra þarfa, þar sem umferð fólks getur verið með fjölbreyttum haetti.

Það rúmlega ár sem Listasafn Reykjavíkur hefur haft portið til afnota hefur það verið notað með margvislegum haetti. Hér hafa verið haldnir tónleikar, danssýningar, listaverkasýningar, kynningar, móttökur auk þess sem það hefur einfaldlega verið notað sem útiveru- og leiksvæði fyrir gesti safnsins.

Verkefnið sem nú stendur yfir í portinu nýtir möguleika þess með öðrum haetti en áður hefur verið gert; hér skapar listamaðurinn Patrick Marold eins konar hangandi maga eða nót úr ull, sem gestir geta næstum teygt sig í neðan frá, og þannig orðið þáttur í.

Verkinu gefur hann yfirskritina HUM. Þetta útlistaverk tekur við öllum sveiflum veðurs og umhverfis, og mun ásýnd þess breytast eftir því sem áhrif ljóss, þyngdarafls og hreyfingar loftsins gefa tilefni til. Likt og ský eða jafnvél sjálf norðurljósin ber þetta verk i sér tilkomumikla nánd, sem dregur fram rým-iskennd umhverfisins í þessu sérstaka umhverfi portsins.

HUM innsetningin er likt og lifandi verk og ber að nálgast hana sem slika. Samstilling hinna fjölmörgu ullanstrengja við orku vindsins gerir verkinu mögulegt að ná fram viðkvæmri og jafnri hreyfings, sem takmarkast þó af eiginleikum efnisins. Einstakir þrædir munu tengjast og flækjast til að finna stuðning hver i öðrum, allt þar til þeir eru orðnir að einni flækju, sem vindurinn tekur minna í. Afleiðingin af þessum flutningi orku í gegnum efnið verður sú að léttileiki spuna lopans vikur fyrir kyrrstöðu og lifleysi, allt þar til verkið er fjarlægt og vikur þannig að nýju fyrir frelsi hins opna rýmis. Með því að jálast undir náttúruöflin viðurkennir verkið einnig eðlilegan eyðingarmátt náttúrunnar. Þessa vitund um hin óumflýjanlegu endalok verksins ber að skilja sem hluta af heildinni, sem er jafn mikilvæg og vitundin um að hvert augnablik sem þú horfir á verkið er jafn einstakt og hver lopa þráður er einstakur.


Patrick Marold

Artist / Designer

Patrick Marold er ungur bandarískur listamaður, sem hlotið hefur Fulbright-styrk til að dvelja og starfa að list sinni hér á landi í vetur. Hann stundaði m.a. listnám í Rhode Island School of Design, og hefur undanfarin ár einkum starfað við Colorado Institute of Art. Eftir dvöl sína hér á landi mun hann snúa aftur til Colorado í Bandaríkjum.

The HUM installation is intended to be approached as a living work. The orchestration of the many woolen strings with the forces of wind enables the work to adopt a delicate and harmonious behavior, while accepting a limit to the integrity of the material. These individual strings will begin to collect and tangle to find stability in each other, becoming one mass, less accepting of the wind. As a result of this transmission of energy through the material, the spun lopi gives way to stagnance and loss of life, until finally the work is removed to restore the liberty of the open air. By submitting to the forces of nature, the work accepts the natural decompostion. This awareness of the ever approaching end to the work is to be understood as part of the whole, to knkow that the moments you watch are as individual as each independent strand of wool.

Patrick Marold is currently visiting Iceland on a Fulbright Grant from America. He has been living in Kjos since September, developing his work as an artist. After Iceland, Patrick will return to Colorado where he resides and teaches Industrial Design.



Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús
Íslandssími C